



Borgarráð

Viljayfirlýsing til Félagstofnunar stúdenta

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum er óskað eftir því að borgarráð samþykki viljayfirlýsingu milli Reykjavíkurborgar og Félagstofnunar stúdenta á fjórum þróunarlóðum í Reykjavík fyrir allt að 239 íbúðum. Samhliða veitir Reykjavíkurborg lóðarvilyrði fyrir allt að 12 íbúðum við Vatnsstíg. Þegar hefur Reykjavíkurborg veitt Félagstofnun stúdenta vilyrði fyrir allt að 110 íbúðum í Serkjafirði I. Alls eru vilyrði og viljayfirlýsing fyrir allt að 361 íbúð.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Viljayfirlýsing

Í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreytt framboð húsnæðiskosta fyrir alla félagshópa og félagslega fjölbreytni innan hverfa, Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum, gera Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur og Félagsstofnun stúdenta, kt. 540169-6249. Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 102 Reykjavík, með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík á næstu árum:

1. Reykjavíkurborg lýsir yfir vilja til að úthluta lóðum með byggingarrétti fyrir búseturéttar – eða leiguíbúðir á vegum Félagsstofnun stúdenta, á eftirfarandi lóðum/svæðum:
 - a. U reitur: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 50 íbúðir.
 - b. Vesturbugt: Áætluð úthlutun árið 2025 fyrir allt að 60 íbúðir.
 - c. Miklubrautarstokkur: Áætluð úthlutun árið 2026 fyrir allt að 70 íbúðir.
 - d. Skerjafjörður II: Áætluð úthlutun árið 2028 fyrir allt að 79 íbúðir.
2. Samhliða er veitt lóðarvilyrði fyrir allt að 12 íbúðum við Vatnsstíg. Áætluð úthlutun er 2022.
3. Félagsstofnun stúdenta lýsir yfir vilja til að taka þátt í samstarfi um uppbyggingu hagkvæms húsnæðis á nýjum þróunarreitum í borginni.
4. Hönnun íbúðarhúsnæðis verði í samræmi við markmið Húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar um fjölbreyttar húsagerðir, blöndun íbúðargerða innan hverfa og aukið framboð smærri íbúða, fyrir alla félagshópa.
5. Verð byggingarréttar fer eftir nánara samkomulagi. Greidd verða gatanagerðargjöld í samræmi við gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar hverju sinni.
6. Félagsbústaðir hf. hafa forkaupsrétt á föstu verði á allt að 5% íbúða sem byggðar verða og getið er um í 1. tölulið þessarar viljayfirlýsingar.
7. Nánari skilmálar lóðanna munu koma fram í úthlutunarbréfi og skipulagsgögnum.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, í samstarfi við Umverfis- og skipulagssvið er falið að framfylgja þessari viljayfirlýsingu.

Viljayfirlýsing þessi var samþykkt á fundi borgarráðs þann 31. mars. 2022

https://reykjavik.is/sites/default/files/husnaedisaaetlun/Myndir/2019/husnaedisaaetlun_reykjavikurborgar_nov_2019.pdf

Reykjavík, 1. apríl 2022

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Félagsstofnun stúdenta